

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Hinn 23. desember 1991 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Tammerfors 21. ágúst 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, þar sem samningurinn er birtur, 16/1971, 17/1975, 13/1983, 16/1985 og 4/1986. Samkomulagið öðlast gildi 29. janúar 1992.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983 og 6. maí 1985 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og sem telja ráðvænlegt að gera tilteknar breytingar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

51., 52., 54., 55., 56., 57. og 58. greinar samstarfssamningsins orðast svo:

51. grein

Þing Norðurlandaráðs skipa allir fulltrúar ráðsins.

Reglulegt þing er háð einu sinni á ári hið minnsta. Til aukabings skal kvatt þegar stjórnarnefndin ákveður eða þegar að minnsta kosti tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar æskja þess.

Vald ráðsins er í höndum þingsins, nema annað sé ákveðið.

Þingfundir eru háðir í heyranda hljóði nema þingið ákveði annað.

52. grein

Á fyrsta reglulegu þingi hvers árs kys þingið stjórnarnefnd til eins árs í senn sem í eiga sæti forseti og flest tíu fulltrúar aðrir.

Hver deild ráðsins skal eiga eigi færri en tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Þess skal gætt, svo sem unnt er, að mismunandi stjórnsmálastefnur eigi fulltrúa í stjórnarnefndinni.

Fulltrúi í stjórnarnefndinni skal vera kjörinn fulltrúi í ráðinu. Losni starf fulltrúa í stjórnarnefnd milli tveggja reglulegra þinga skal deild sú, sem fulltrúinn átti sæti í, kjósa annan fulltrúa til setu í stjórnarnefndinni þar til ný stjórnarnefnd verður kosin.

Stjórnarnefndin annast dagleg störf ráðsins og er að öðru leyti fulltrúi þess í samræmi við samning þennan og þingsköp ráðsins.

54. grein

Ráðinu til aðstoðar í störfum sínum er skrifstofa stjórnarnefndarinnar undir stjórn ritara stjórnarnefndarinnar sem stjórnarnefndin tilnefnir, svo og nefnd (ritarnefnd) sem í eiga sæti ritari stjórnarnefndarinnar og ritarar deilda landanna.

Sérhver deild ræður starfslíð sér til aðstoðar.

55. grein

Sérhver ríkisstjórn, landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands, stjórn Álandseyja, ráðherranefndin, stjórnarnefndin og fastanefndir ráðsins, svo og sérhver fulltrúi, hafa tillögurétt í ráðinu.

Fastanefndir ráðsins eða stjórnarnefndin skal fjalla um sérhvert mál áður en ráðið tekur það til lokaafgreiðslu.

56. grein

Þingið gerir ályktun á grundvelli tillögu sem fram hefur komið.

Stjórnarnefndinni er rétt að bera fram önnur tilmæli á grundvelli tillögu sem fram hefur komið.

Þingið leggur fram álit sitt. Þegar stjórnarnefndin ber fram tilmæli leggur hún fram álit sitt.

Stjórnarnefndin skal tilkynna þinginu þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið samkvæmt 2. og 3. mgr.

57. grein

Kjörinn fulltrúi getur beint fyrirspurn til ríkisstjórnar eða ráðherranefndarinnar vegna skýrslu eða greinargerðar sem send hefur verið ráðinu eða um önnur mál sem varða norræna samvinnu.

58. grein

Hver deild ber kostnað af þátttöku sinni í ráðinu.

Stjórnarnefndin ákveður fyrir hvert fjárhagsár hvernig sameiginlegur kostnaður skiptist milli deildanna.

II.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt það.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samkomulagið tekur gildi.

III.

Frumriti þessa samkomulags skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Tammerfors 21. ágúst 1991 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.